

Slanga sett í nýra (nephrostomy)

Slanga er sett inn í nýra gegnum húð til að tryggja rennsli þvags frá nýra.

Undirbúningur heima

Fasta þarf á mat og drykk í 4 klukkustundir fyrir aðgerð. Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim vegna áhrifa lyfja sem stundum eru gefin í tengslum við aðgerðina.

Aðgerðardagur

Fara þarf í sturtu heima að morgni aðgerðardags. Ekki má nota húðkrem eftir sturtuna og klæðast þarf hreinum fötum.

Mæta þann _____ kl. _____
á röntgendeild E3 á 3. hæð Landspítala í Fossvogi.

Aðgerðin er gerð í staðdeyfingu og verkjalyf eru gefin eftir þörfum. Stungið er í gegnum húð á nýrnastað, slangu þrædd inn í nýra og fest með saumi við húð. Tengislanga er tengd við þvaggoka og umbúðir settar á stungustað. Þvaggoki er festur á fótlegg eða læri. Búið er þannig um að tengislangan valdi sem minnstum óþægindum, hindri ekki hreyfingu og ekki komi á hana brot eða tog.

Útskrift

- Eymsli á stungustað geta gert vart við sig fyrstu dagana eftir aðgerð. Taka má verkjalyf sem hægt er að kaupa án lyfseðils í apóteki. Ef nýrnastarfsemi er skert skal forðast bólgueyðandi lyf.
- Þvagið getur verið blóðlitað fyrstu dagana. Æskilegt er að drekka 1,5-2 lítra af vökva á sólarhring.
- Gæta þarf þess að þvag renni í þvaggokann. Ráðlagt er að losa um böndin sem halda pokanum fyrir nótina. Böndin eru með frönskum rennilás og þola þvott.
- Þvaggokann þarf að tæma reglulega svo hann yfirfyllist ekki og alltaf þarf að tæma hann fyrir svefn. Til að tæma þvaggokann er lokan á enda hans opnuð. Mikilvægt er að þvo hendur fyrir og eftir tæmingu þvaggokans.
- Óhætt er að fara í sturtu en ekki baðker eða sund.

Umbúðir

- Skipta þarf um tengislöngu og þvaggoka á 3ja vikna fresti og á umbúðum eftir þörfum.
- Mælt er með að nota rakahelda filmu yfir umbúðirnar sem fyrir eru. Gott er að setja grisju á milli svo innri umbúðir losni ekki þegar filman er tekin af.
- Ef ekki þarf að skola upp í nýra, fjarlægir hjúkrunarfræðingur krana á tengislöngu þar sem hann getur annars valdið óþægindum. Einnig þarf slangan á þvaggokanum að vera í mátulegri lengd og því gæti þurft að stytta hana.

Eftirlit

- **Sjúklingur pantar sjálfur tíma á göngudeild þvagfæra 11A í síma 543 7100 til að láta skipta um tengislöngu og þvagpoka eftir 3 vikur.** Í þeirri komu er beiðni send til Sjúkratrygginga Íslands um þvagpoka, tengislöngur og umbúðir. Einnig er send beiðni til heimahjúkrunar sem sér um áframhaldandi skiptingar.
- Læknir sjúklings sendir beiðni til röntgendeildar í Fossvogi um skiptingu á slöngu inn í nýra en venjulega þarf að gera það á þriggja mánaða fresti.
- Starfsfólk hjúkrunarheimila skiptir á tengislöngu og þvagpoka hjá þeim sem þar búa og tryggir að skipt sé um slöngu í nýra.

Hafa skal samband við göngudeild þvagfæra eða bráðamóttöku ef:

- Hiti er hærri en 38,5
- Þvag er illa lyktandi
- Þvag er mjög blóðugt
- Verkir minnka ekki við töku verkjalyfja
- Leki er meðfram slöngu eða ekkert kemur í poka

Afgreiðsla umbúða

Birgðastöð Landspítala að Tunguhálsi 2, sími 543 1090 afgreiðir umbúðir, tengislöngur og þvagpoka (leggpoka). Umbúðir sem yfirleitt eru notaðar heita DRAIN-FIX og tengislangan heitir Vinyl Connecting Tube.

Símanúmer

Röntgendeild E3 á 3. hæð Landspítala í Fossvogi er opin virka daga kl. 8–16, sími 543 8042.

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga kl. 8-16, sími 543 7100.

Utan þess tíma má hafa samband við bráðamóttöku í Fossvogi í síma 543 2000.